

Landsmót STÍ í Frjálsri skammbýssu var haldið í Egilshöllinni í morgun. Thomas Viderö úr SFK sigraði með 512 stig, Jórunn Harðardóttir úr SR varð önnur með 503 stig og Guðmundur Helgi Christensen úr SR varð þriðji með 476 stig. Í liðakeppninni vann sveit SR með 1,407 stig og í öðru sæti hafnaði sveit SFK með 1,194 stig.